

ur þá samningurinn úr gildi um næstu áramót.

Monaten zum Ende eines Kalenderjahres gekündigt werden; in diesem Fall tritt der Vertrag mit Ablauf dieses Kalenderjahres ausser Kraft.

GJÖRT í Bonn hinn 11. október 1977 í tveimur eintökum á íslensku og þýsku og teljast báðir textar jafngildir.

GESCHEHEN zu Bonn am 11. Oktober 1977 in zwei Urschriften, jede in isländischer und deutscher Sprache, wobei jeder Wortlaut gleichermassen verbindlich ist.

Fyrir Lýðveldið Ísland
Für die Republik Island
Niels P. Sigurðsson.

Fyrir Sambandslýðveldið Þýskaland
Für die Bundesrepublik Deutschland
Günther van Well.
Hans Hutter.

L Ö G

um manndisráð.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkið starfrækir stofnun, sem nefnist manndisráð. Mannndisráð skal undir stjórn heilbrigðismálaráðherra vinna að samræmingu rannsókna og fræðslu á sviði manndisfræði, nánara samstarfi milli framleiðenda og neytenda og vera heilbrigðisfyrirvöldum til ráðuneytis um manndismál.

2. gr.

Mannndisráð getur annast ráðgjöf til annarra aðila samkvæmt sérstakri gjaldskrá, er ráðherra staðfestir.

3. gr.

Í manndisráði eiga sæti fimm menn er ráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Skal skipa einn ráðsmanna samkvæmt tilnefningu læknaeildar Háskóla Íslands, annan samkvæmt tilnefningu verkfræði- og raunvísindaeildar Háskóla Íslands, en hina þrjá án tilnefningar. Skipa skal fimm varamenn með sama hætti.

Til setu í ráðinu skal skipa menn með sérþekkingu á manndismálum.

Ráðherra skipar einn ráðsmanna formann manndisráðs.

4. gr.

Mannndisráð getur, að fenginni heimild ráðherra, sett á fót samstarfshópa um mikilvæg málefni, jafnframt því, sem það getur kallað sérfræðinga sér til ráðuneytis. Mannndisráð getur kallað saman manndisþing eftir því sem tilefni gefst til.

5. gr.

Manneldisráð gerir árlega áætlun um ráðstöfun á því fé, sem til þess er veitt á fjárlögum eða það fær til ráðstöfunar á annan hátt.

Manneldisráð sendir ráðuneytinu í lok hvers árs skýrslu um störf ráðsins.

6. gr.

Ráðherra setur manneldisráði starfsreglur.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 16 frá 24. janúar 1945.

Gjört í Reykjavík 11. maí 1978.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthias Bjarnason.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 30 frá 27. júní 1921, um erfðafjárskatt, og lögum nr. 50 frá 26. maí 1972, um breyting á þeim lögum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Fjárhæð erfðafjárskattsins er ákveðin þannig:

- A. Af erfðafé, sem hverfur til maka, niðja, kjörniðja og fósturbarna, svo og af þriðjungs hluta, ef ráðstafað hefur verið með erfðaskrá til annarra, skal svara af hverjum arfshluta:

Af fyrstu 1 200 þúsundum króna 5 af hundraði.

Af næstu 1 200 þúsundum króna 6 af hundraði.

Og svo áfram þannig að skatturinn eykst um 1 af hundraði á hverjum 1 200 þúsundum króna sem arfurinn hækkar, þar til hann hefur náð 10 hundraðshlutum.

- B. Af erfðafé, sem hverfur til foreldra hins látna eða niðja þeirra, er ekki heyra undir staflið A, skal svara af hverjum arfshluta:

Af fyrstu 1 200 þúsundum króna 15 af hundraði.

Af næstu 1 200 þúsundum króna 17 af hundraði.

Og svo áfram þannig að skatturinn eykst um 2 af hundraði á hverjum 1 200 þúsundum króna, sem arfurinn hækkar, þar til hann hefur náð 25 hundraðshlutum.

- C. Af erfðafé, sem hverfur til afa eða ömmu hins látna eða niðja þeirra, sem ekki heyra undir stafliði A eða B hér að framan, eða til fjarskyldari erfingja eða óskyldra, skal svara af hverjum arfshluta:

Af fyrstu 1 200 þúsundum króna 30 af hundraði.

Af næstu 1 200 þúsundum króna 34 af hundraði.